

Fimmtudaginn 25. nóvember 1993.

Nr.343/1993. **Ákærvaldið**

(Björn Helgason saksóknari)

gegn

Tryggva Rúnari Guðjónssyni

(Hilmar Ingimundarson hrl.).

Skjalafals. Skilorð. Skaðabætur.

Dómur Hæstaréttar.

Mál þetta dæma hæstaréttardómararnir Haraldur Henrysson, Garðar Gíslason og Gunnar M. Guðmundsson.

Ákærði áfrýjaði máli þessu í heild sinni til Hæstaréttar, og krefst hann sýknu og að skaðabótakröfu verði vísað frá dómi. Ríkissaksóknari gaf út áfrýjunarstefnu 28. júlí 1993, og er af hálfu ákærvalds krafist þyngingar á refsingu og staðfestingar á ákvæði héraðsdóms um skaðabætur.

Með vísan til forsendna hins áfrýjaða dóms ber að staðfesta sakarmat héraðsdómara og heimfærslu á brotum ákærða til refsí-
ákvæða.

Eftir atvikum og að teknu tilliti til 78. gr. almennra hegningarlaga nr. 19/1940 er refsing ákærða hæfilega ákveðin fangelsi í sex mánuði, en rétt þykir að fresta fullnustu skilorðsbundið á þremur mánuðum af þeirri refsingu, eins og á er kveðið í dómsorði.

Staðfesta ber ákvæði héraðsdóms um skaðabætur og sakarkostnað.

Ákærði greiði áfrýjunarkostnað, eins og í dómsorði greinir.

D ó m s o r ð:

Ákærði, Tryggvi Rúnar Guðjónsson, sæti fangelsi í sex mánuði, en fresta skal fullnustu þriggja mánaða af refsingunni og sá hluti falla niður að liðnum þremur árum frá uppsögu dóms þessa, haldi ákærði almennt skilorð 57. gr. almennra hegningarlaga nr. 19/1940, sbr. 4. gr. laga nr. 22/1955.

Ákvæði hins áfrýjaða dóms um skaðabætur til Bílaumboðs-
ins hf. og um sakarkostnað í héraði eiga að vera óröskuð.

Ákærði greiði áfrýjunarkostnað sakarinnar, þar með talin saksóknarlaun í ríkissjóð, 30.000 krónur, og málsvarnarlaun skipaðs verjanda síns, Hilmars Ingimundarsonar hæstaréttarlögmans, 30.000 krónur.

Dómur Héraðsdóms Reykjavíkur 15. október 1992.

Ár 1992, fimmtudaginn 15. október, er á dómþingi Héraðsdóms Reykjavíkur, sem háð er í Dómhúsinu við Lækjartorg af Sverri Einarssyni héraðsdómara, kveðinn upp dómur í sakamálinu nr. 45/1992: Ákærvaldið gegn Tryggva Rúnari Guðjónssyni, sem tekið var til dóms 25. f. m.

Málið er höfðað fyrir dómnum með ákæruskjali ríkissaksóknara, dagsettu 20. ágúst sl., á hendur ákærða, Tryggva Rúnari Guðjónssyni, áður að Nesbala 11 á Seltjarnarnesi, nú að Rimasíðu 15 á Akureyri, fæddum 8. júní 1965, fæðingarnúmer 296.

Í ákæru segir, að málið sé höfðað á hendur ákærða „fyrir skjalafals með því að hafa í febrúar 1991 notað í viðskiptum í Reykjavík eftirgreind tvö skuldabréf með sjálfskuldarábyrgð, sem ákærði bjó út á tvö eyðublöð fyrir veðskuldabréf, er hann hafði komist yfir, árituð af Kjartani Guðjónssyni, um útgáfu 5. desember 1990, og með áritun Kjartans Inga Jónssonar, kt. 120971-4929, og Ólafs Hansens, kt. 011262-5469, sem sjálfskuldarábyrgðarmanna, sem ákærði útfyllti heimildarlaust að öðru leyti, fjársetti, tilgreindi 24 jafna mánaðarlega gjalddaga, í fyrsta sinn 15. mars 1991, og áritaði sem vottur að réttri dagsetningu og undirritun aðila og seldi, þrátt fyrir það að hann vissi, að nafnritun Ólafs Hansens á bréfinu hafði verið fölsuð:

1) Bréf að fjárhæð 800.000 kr., selt Guðgeiri Ágústssyni, kt. 130727-5499.

2) Bréf að fjárhæð 500.000 kr., selt Jónínu G. Færseth, kt. 060562-3509. Telst þetta varða við 1. mgr. 155. gr. almennra hegningarlaga nr. 19/1940.

Þess er krafist, að ákærði verði dæmdur til refsingar.

Í málinu gerir William Th. Möller hdl. f. h. Bílaumboðsins hf., Krókhálsi 1, Reykjavík, kt. 191288-1059, kröfu á hendur ákærða um bætur, 833.777 kr., ásamt vöxtum. Jafnframt er gerð krafa um málskostnað samkvæmt gjaldskrá Lögmannafélags Íslands.“

Niðurstöður.

Með játningu ákærða, sem er í samræmi við annað, sem fram er komið í málinu, er sannað, að ákærði hefur notað í viðskiptum þau tvö skuldabréf

með sjálfskuldarábyrgð, sem um alla gerð og notkun er rétt lýst í ákæru. Jafnframt er sannað með framburði vitnanna Ólafs Þóris Hansens, Kjartans Guðjónssonar og Unnars Sigurðar Hansens, að nafn fyrstgreinda vitnisins er falsað á bæði bréfin.

Ákærði kannast ekki við að eiga þátt í því, að nafn Ólafs Þóris sem sjálfskuldarábyrgðaraðila sé falsað á bæði bréfin, en hins vegar kveðst ákærði ekki hafa haft samráð við hann, hinn sjálfskuldarábyrgðaraðilann, sem tilgreindur er, né útgefandann, þegar hann fyllti skuldabréfaeyðublöðin út, en það kveðst ákærði hafa gert.

Gerð hefur verið grein fyrir framburði vitnanna Unnars Sigurðar, sem stóð að því, að bréfin voru útbúin með nöfnum Kjartans Guðjónssonar og Kjartans Inga Jónssonar, en þeir kannast báðir við, að bréfin hafi borið ófölsuð nöfn sín. Hins vegar greinir vitnin Unnar Sigurð og Víði á um ástæðu þess, að Víðir fékk bréfin í upphafi, og einnig er ágreiningur um, hversu mikið Unnar Sigurður hafi skuldað ákærða, en þessi atriði snerta ekki sök eða sýknu ákærða af því, sem honum er gefið að sök í ákæru. Þá ber þeim ekki saman um ástæðu þess, að vitnið Unnar Sigurður lét ákærða hafa bréfin. Verður ekkert fullyrt um þessi atriði.

Það, sem er til úrlausnar í máli þessu, er m. a., hvort ákærði hafi vitað eða mátt vita, þegar hann fyllti eyðublöðin út með fjárhæðum, dagsetningum, vaxtatölum, afborgunum og öðru því, sem gerði þau að skuldabréfum, að nafn Ólafs Þóris væri falsað, en áður er rakið, að ákærði hafði ekki samráð við vitnið Ólaf Þóri né nafnana tvo við gerð skuldabréfanna.

Sannað er með hliðsjón af því, sem áður er rakið, að skuldabréfin tvö stöfuðu ekki frá áðurgreindum þremur aðilum í þeim búningi, sem þau höfðu, eftir að ákærði hafði gengið frá þeim, enda hafði hann ekkert samráð við þá við gerð þeirra í einu eða einu og ráðstafaði þeim í þessum búningi án samráðs við þá. Þá liggur fyrir sá framburður ákærða, að vitnið Ólafur Þórir hafi haft uppi við hann efasemdir um, að nafn sitt væri ófalsað. Þá styður vitnið Valgeir þennan framburð með því, að ákærði hafi sagt því eftir símtal við vitnið Ólaf Þóri, að það hefði sagt vitninu, að nafn þess væri falsað á umræddum skjölum. Loks hnígur framburður vitnisins Sigurðar að þessu sama, en þetta vitni telur mögulegt, að það hafi bent ákærða á, þegar það afhenti honum bréfin, að ekki væri ólíklegt, að nafn vitnisins Ólafs Þóris, bróður vitnisins Unnars Sigurðar, væri falsað á bréfin.

Þegar allt framangreint er virt, er ljóst, að efni bréfanna, eins og ákærði gekk frá þeim, stafaði ekki frá þeim, sem áttu nöfnin á bréfunum, og að ákærða mátti vera ljóst, að nafn vitnisins Ólafs Þóris kynni að vera falsað. Var ákærði því ekki í góðri trú um, að hann væri að nota skjölin með ófölsuðum nöfnum, og þá vissi hann, að efni skjalanna var ekki frá þeim

aðilum komið, sem áttu nöfnin á þeim. Verður ákærði því með hliðsjón af öllu framansögðu sakfelldur fyrir að hafa gerst sekur um það, sem honum er gefið að sök í ákæru, en brot ákærða er þar rétt fært til refsí-
ákvæðis.

Samkvæmt sakavottorði ákærða hefur hann frá miðju ári 1984 og fram til 29. júní sl. gengist með dómsátt fimm sinnum undir að greiða sektir fyrir umferðarlagabrot, þar af þrívægis fyrir ölvun við akstur og sætti þá jafnan einnig sviptingu ökuleyfis. Þá hefur ákærði einu sinni á framan-
greindu tímabili gengist með dómsátt undir sektargreiðslu fyrir brot á lög-
um um skotvopn og sprengiefni og lögum um fuglaveiðar og fuglafriðun. Loks var ákærði dæmdur í 30.000 króna sekt 29. nóvember sl. fyrir brot á 1. mgr. 247. gr. og 262 gr. almennra hegningarlaga. Síðasta sátt við ákærða var vegna umferðarlagabrota og gerð 29. júní sl.

Refsing ákærða verður ákveðin með hliðsjón af 78. gr. almennra hegningarlaga og þykir hæfilega ákveðin fangelsi í fjóra mánuði, en þar sem ákærði hefur ekki áður verið dæmdur til refsivistar fyrir brot á hegningarlögum, þykir eftir atvikum mega ákveða, að fresta skuli fullnustu refsingar hans og niður skuli hún falla að þremur árum liðnum frá uppkvaðningu dómsins að telja, haldi ákærði almennt skilorð 57. gr. almennra hegningarlaga, sbr. 4. gr. laga nr. 22/1955.

Í málinu er höfð uppi bótakrafa af hálfu Bílaumboðsins hf., Krókhálsi 1 í Reykjavík, og er krafan að fjárhæð 833.777 krónur með dráttarvöxtum samkvæmt 10. gr. laga nr. 25/1987 af sömu fjárhæð frá 15. mars 1991 til greiðsludags. Auk þess er krafist málskostnaðar samkvæmt gjaldskrá Lögmannafélags Íslands og að dráttarvextir samkvæmt áðurgreindri 10. gr. leggist við dæmdan málskostnað að liðnum fimmtán dögum frá dómsuppkvaðningu. Loks er þess krafist, að dráttarvextir leggist við höfuðstól kröfunnar og málskostnað á tólf mánaða fresti, í fyrsta sinn tólf mánuðum eftir upphafsdag vaxta, allt í samræmi við 12. gr. laga nr. 25/1987.

Höfuðstóll framangreindrar kröfu er 800.000 krónur. Ekki er í kröfugerð gerð grein fyrir því, hvers vegna krafan sé 33.777 krónum hærri, en ætla má, að leggja megi í því efni til grundvallar, að munurinn sé áfallnir vextir af höfuðstólnum frá útgáfu bréfsins 5. desember 1991 og fram til 15. mars 1992.

Ákærði hefur mótmælt kröfunni, þar sem hann sé hvorki útgefandi né ábyrgðarmaður á skuldabréfi því, sem krafan byggist á.

Þar sem ákærði er sakfelldur fyrir refsiverða notkun umrædds skuldabréfs, ber hann einnig bótaskyldu af þeim sökum. Þykir því bera að taka kröfuna til greina og dæma ákærða til þess að greiða hana með dráttarvöxtum, eins og nánar greinir í dómsorði, þó svo, að þeim lið kröfunnar, er lýtur að málskostnaði, verður vísað frá dóminum, þar sem engin gögn

fylgja kröfunni um það, að Bílaumboðið hf. hafi þurft að greiða málskostnað vegna kröfugerðarinnar.

Loks ber að dæma ákærða til að greiða allan sakarkostnað, þar með taldar 45.000 krónur í saksóknarlaun til ríkissjóðs og 65.000 krónur í málsvarnarlaun til skipaðs verjanda síns, Þorsteins Hjaltasonar héraðsdómslögmanns.

D ó m s o r ð:

Ákærði, Tryggvi Rúnar Guðjónsson, sæti fangelsi í fjóra mánuði, en fresta skal fullnustu refsingarinnar, og niður skal hún falla að þremur árum liðnum frá uppkvaðningu dómsins að telja, haldi ákærði almennt skilorð 57. gr. almennra hegningarlaga.

Ákærði greiði Bílaumboðinu hf., Krókhálsi 1 í Reykjavík, 833.777 krónur ásamt dráttarvöxtum samkvæmt III. kafla vaxtalaga nr. 25/1987 frá 15. mars 1991 til greiðsludags.

Ákærði greiði allan sakarkostnað, þar með taldar 45.000 krónur í saksóknarlaun til ríkissjóðs og 65.000 krónur í málsvarnarlaun til skipaðs verjanda síns, Þorsteins Hjaltasonar héraðsdómslögmanns.
